



Gjaldskrá

Vatnsveitu Flóahrepps

1. gr.

Gjaldskylda

Sveitarstjórn Flóahrepps fer með stjórn Vatnsveitu Flóahrepps og innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Einnig er innheimt vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

Heimæðargjald vatnsveitu

Hver sá sem óskar eftir tengingu við Vatnsveitu Flóahrepps skal sækja um það skriflega.

Heimæðargjald felur í sér stofngjald og tengigjald í samræmi við grein þessa.

Stofngjöld í dreifbýli skal reikna sérstaklega í hverju tilviki og skulu þau fela í sér allan kostnað sem til fellur vegna lagningar heimæðarinnar.

Tæknisvið sveitarfélagsins reiknar kostnaðinn við hverja tengingu fyrir sig og miðast stofn- og tengigjald hvernar eignar við raunkostnað vegna lagningar heimæðar og tengingar. Áætlað tengigjald skal greiða fyrirfram áður en framkvæmdir hefjast.

Heimilt er að skipta greiðslum heimæðargjalda í þrennt en greiðslum skal vera lokið fyrir tengingu við Vatnsveitu Flóahrepps. Að verki loknu er gerður samanburður á áætlun og raunkostnaði og hver tenging gerð upp samkvæmt því.

Skilyrt er að lagning heimæðar og tenging við hús sé framkvæmd af starfsmanni Vatnsveitu Flóahrepps.

Við samþykkt þessarar gjaldskrár er hlutdeild í stofni 296.016 kr. Greitt skal fyrir lagnaefni skv. mældum metrum, þverun vegar og efni í tengingar skv. áætluðum kostnaði og skal sá kostnaður falla á viðkomandi vatnstengingu. Kostnaður við efni, tengingu og hlutdeild í stofni skal uppfæra skv. byggingarvísitölu útgefinni af Hafstofu Íslands 1. febrúar ár hvert.

3. gr.

Vatnsgjald

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem tengdar hafa verið vatnsveitu sveitarfélagsins. Álagningarstofn gjaldsins skal vera 0,2% af fasteignamati í A flokki að undanskildum útihúsum. Álagningarstofn skal vera 0,3% af fasteignamati í C flokki og af útihúsum. Frístundahús bera fast gjald.

Sveitarstjórn ákveður árlega hver skuli vera lágmarks og hámarksálagning á íbúðarhús ásamt því að ákveða fast gjald á frístundahús, vatnstæki í beitarhólfum og á óbyggðar lóðir tengdar vatni. Fasteignir í C flokki ásamt útihúsum skulu vera án hámarks.

Gjalddagar vatnsgjalds eru hinir sömu og eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

4. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds. Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár á eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

6. gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps skv. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 með síðari breytingum og tekur gildi 1. janúar 2024. Um leið fellur eldri gjaldskrá úr gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 12. desember 2023

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri